

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 60 28. maí 1962, um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins sem hér segir:

- a. Mjólk og mjólkurvörum, sem lagðar eru inn hjá mjólkursamlögum, rjómaþúum og smjörsamlögum, svo og allri annarri mjólk, sem gjaldskyld er til Verðmiðlunarsjóðs, samkvæmt lögum nr. 59/1960, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.
- b. Kindakjöti, sem selt er frá sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum, hvort sem það er selt á innlendum eða erlendum markaði, svo og slátri og kindainnyflum hvers konar.
- c. Hrossa- og nautgripakjöti svo og húðum, sem selt er verzlunum af einstaklingum, sláturhúsum eða öðrum viðurkenndum slátrunarstöðum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 22. febrúar 1949.
- d. Grænmeti og gróðurhúsaframléiðslu hvers konar, sem seld er í verzlunum eða sölumiðstöðvum.
- e. Garðávöxtum, er framleiðandi hefur selt eða lagt inn í verzlun eða til sölumiðstöðvar.
- f. Eggjum, sem seld hafa verið verzlun eða sölumiðstöðvum, svo og fuglakjöti.
- g. Líffé, sem selt er vegna fjárskipta, svo og sölu lifandi hrossa og nautgripa, er verzlunir eða sölumiðstöðvar verzla með.
- h. Gærum og ull, sem tekið er á móti í verzlunir eða verksmiðjur.
- i. Grávöru hvers konar, sem framleiðendur selja verzlunum eða verksmiðjum.
- j. Svínakjöti, sem selt er verzlunum af einstaklingum eða sláturhúsum og öðrum viðurkenndum slátrunarstöðvum.
- k. Æðardún, sem seldur er verzlunum hvort sem hann er seldur innanlands, eða fluttur úr landi.
- l. Laxi, sem seldur er verzlunum eða sölumiðstöðvum.
- m. Hótel og aðrir opinberir veitingastaðir, sem taka á móti gjaldskyldum vörum beint frá framleiðendum, skulu standa skil á gjaldinu eins og um verzlunir væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð skv. lögum nr. 75 25. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. október 1965.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. R. Þorsteinsson.